

Námsþáttur	8. bekkur	9. bekkur	10. bekkur
<b>Hlustun</b>	<b>Markmið úr Aðalnámsskrá, að nemandi geti við lok 10. bekkjar:</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Tileinkað sér aðalatriði úr kynningum og frásögnum sem eru innan áhuga-, náms og þekkingarsviðs hans og brugðist við efni þeirra, sagt frá, unnið úr eða nýtt sér á annan hátt.</li> <li>• Án vandkvæða fylgst með aðgengilegu efni í fjöl- og myndmiðlum sér til gagns og ánægju, sagt frá og unnið úr.</li> <li>• Hlustað eftir nákvæmum upplýsingum, valið úr þær sem við á og brugðist við eða unnið úr þeim.</li> </ul>		
<b>Nemandi:</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• skilji efni tengt daglegu lífi þegar frásögn er skýr, t.d. um líf jafnaldra í enskumælandi landi.</li> <li>• skilji aðalatriði í sögu, frásögn og samfrásögn tveggja.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• skilji fyrirhafnarlítið þegar frásögn er skýr um málefni sem hann þekkir.</li> <li>• geti nýtt sér hlustunarefni til frekari vinnu, t.d. í ritun eða endursögn.</li> <li>• kunnir að beita mismunandi aðferðum eftir eðli texta og tilgangi með hlustuninni, t.d. hlustað eftir smáatriðum eða hlustað eftir aðalatriðum.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• skilji almennar upplýsingar og fyrirmæli, bæði aðalatriði og nákvæmar upplýsingar.</li> <li>• geti fylgst með megininnihaldi í fjölmiðlum þegar um kunnuglegt efni er að ræða.</li> <li>• geti fylgt meginþræði í samfrásögn um efni sem hann þekkir þegar nokkrir tala saman.</li> <li>• geti fylgt atburðarás í sögu eða frásögn.</li> </ul>
<b>Lesskilningur</b>	<b>Markmið úr Aðalnámsskrá, að nemandi geti við lok 10. bekkjar:</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Aflað sér upplýsinga úr texta, greint aðalatriði frá aukaatriðum, gert sér grein fyrir helstu niðurstöðum og nýtt sér í verkefnavinnu.</li> <li>• Lesið sér til fróðleiks rauntexa, t.d. úr dagblöðum, tímaritum og netmiðlum sem fjalla um efni er varðar líf hans, aðstæður eða umhverfi, brugðist við efni þeirra, sagt frá eða unnið úr á annan hátt.</li> <li>• Lesið sér til gagns, ánægju og þroska smásögur og skáldsögur ætlaðar ungu fólki og myndað sér skoðanir á efni þeirra og lesið og tileinkað sér efni sem tengist öðrum námsgreinum og hugtök sem tengjast þeim og nýtt í nýju samhengi.</li> </ul>		
<b>Nemandi:</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• lesi sér til gagns og gamans margs konar léttari texta, t.d. greinar úr tímaritum, smásögur og styttri skáldsögur.</li> <li>• skilji lykिलatriði í aðgengilegu fjölmiðlaefni.</li> <li>• geti fundið og skilið leiðbeiningar og upplýsingar um það sem snertir daglegt líf, t.d. tómstundir og ferðalög.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• geti lesið og skilið fyrirhafnarlítið ýmsa texta sem tengjast áhugasviði hans og daglegu lífi.</li> <li>• geti leitað sér heimilda til að nýta í viðfangsefnum.</li> <li>• geti lesið nákvæmlega eða hraðlesið eftir þörfum.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• lesi sér til gagns og ánægju ýmist efni s.s. smásögur og skáldsögur í fullri lengd, fræðsluefni, dagblöð, tímaritsgreinar og ljóð.</li> <li>• þjálfist í að draga ályktanir, lesa á milli línanna, giska á orð út frá samhengi og átta sig á uppbyggingu texta.</li> <li>• kunnir að nota orðabækur og orðasöfn.</li> </ul>
<b>Samskipti</b>	<b>Markmið úr Aðalnámsskrá, að nemandi geti við lok 10. bekkjar:</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Tekið þátt í óformlegu spjalli um daginn og veginn um efni sem hann er vel heima í.</li> <li>• Tekist á við margs konar aðstæður í almennum samskiptum, t.d. miðlað og tekið á móti upplýsingum á ferðalögum, sem gestgjafi eða í netsamskiptum.</li> <li>• Tekið þátt í skoðanaskiptum, færð einföld rök fyrir máli sínu og tekið tillit til sjónarmiða viðmælanda.</li> </ul>		

<p><b>Nemandi:</b></p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• geti rætt og skipst á upplýsingum og skoðunum um kunnuglegt efni á viðeigandi hátt.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• geti óundirbúið tekið þátt í samræðum um málefni sem hann þekkir.</li> <li>• geti notað málið á viðeigandi hátt við ýmsar algengar aðstæður t.d. við að leysa mál og skipuleggja eða framkvæma eitthvað með öðrum.</li> <li>• geti tjáð sig og á eðlilegu og skýru máli um kunnuglegt efni og sett fram rökstudda skoðun.</li> <li>• geti sagt frá eigin reynslu, væntingum og fyrirætlunum.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• geti tekið þátt í samræðum um efni sem hann þekkir, tjáð skoðanir sínar og tilfinningar og brugðist við með hljómfalli sem hæfir aðstæðum.</li> <li>• geti bjargað sér við óvæntar aðstæður.</li> <li>• geti tjáð sig mismunandi formlega eftir aðstæðum.</li> </ul>
<p><b>Frásögn</b></p>	<p><b>Markmið úr Aðalnámsskrá, að nemandi geti við lok 10. bekkjar:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Tjáð sig skipulega með undirbúið eða óundirbúið efni sem hann þekkir, hefur hlustað á, lesið um eða unnið með í námi sínu, sagt skoðun sína á því og brugðist við spurningum.</li> <li>• Flutt stutta frásögn eða kynningu um undirbúið efni blaðalaust og af nokkru öryggi.</li> <li>• Samið, æft og flutt frumsamið efni, t.d. stutt atriði eða sögu, einn eða í félagi við aðra.</li> </ul>		
<p><b>Nemandi:</b></p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• hafi lipur tók á framburði.</li> <li>• geti tjáð sig nokkuð skýrt um daglegt líf og ýmis efni sem hann hefur kynnt sér.</li> <li>• geti flutt einfalda, undirbúna kynningu um kunnuglegt efni.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• geti tjáð sig um það sem snertir hann persónulega eða það sem hann hefur horft á, lesið eða heyrt um.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• geti flutt undirbúið erindi um viðfangsefni sem hann hefur aflað sér heimilda um.</li> <li>• geti sagt óundirbúið frá atviki.</li> <li>• geti veitt upplýsingar um menningu sína og umhverfi.</li> </ul>
<p><b>Ritun</b></p>	<p><b>Markmið úr Aðalnámsskrá, að nemandi geti við lok 10. bekkjar:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Skrifað ýmsar gerðir af textum, bæði formlega og óformlega og hagað orðum sínum með lesanda í huga og í samræmi við inntak og tilgang með skrifunum.</li> <li>• Leikið sér með málið og látið sköpunargáfuna og ímyndunaraflíð njóta sín.</li> <li>• Skrifað um eða brugðist skilmerkilega við því sem hann hefur hlustað á, séð eða lesið og fylgt ákveðnu formi textagerðar þar sem það á við.</li> <li>• Tjáð sig um skoðanir sínar, tilfinningar, reynslu og þekkingu.</li> </ul>		
<p><b>Nemandi:</b></p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• geti skrifað stuttan samfelldan texta á tiltölulega réttu máli, t.d. stuttar sögur, endursagnir og dagbókarbrot.</li> <li>• þjálfist í að nota algengustu tengiorð til að lýsa atburðarás t.d. first, then, later.</li> <li>• kunni að nýta sér leiðréttingarforrit.</li> <li>• þjálfist í að nota orðabækur í tengslum við ritun.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• kynnist því hvernig skrifað er í mismunandi tilgangi og kunni að haga orðum sínum í samræmi við aðstæður, t.d. í formlegri fyrirspurn eða persónulegu bréfi.</li> <li>• þjálfist í skapandi notkun málsins og semji eigin texta t.d. sögu eða ljóð.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• geti skrifað ýmsar gerðir af styttri textum, t.d. umsagnir, viðbrögð við texta og lýsingar.</li> <li>• geti skrifað af lipurð og öryggi lengri samfelldan texta s.s. ritgerðir, sögur, endursögn, fréttir, gagnrýni og viðtöl og beitt við það helstu reglum í málfræði, setningafræði og rétritun.</li> <li>• kunni að nota sér upplýsingatækni við námið og helstu hjálpargögn, s.s. orðabækur, málnotkunarbækur og leiðréttingarforrit.</li> </ul>
<p><b>Málfræði</b></p>			

	<ul style="list-style-type: none"> <li>• þekki kennimyndir algengustu óreglulegu sagna.</li> <li>• geti notað einfalda og samsetta nútíð sagna á réttan hátt.</li> <li>• þekki muninn á much og many.</li> <li>• kunni að stigbreyta lýsingarorð, regluleg og óregluleg.</li> <li>• geti notað framtíð bæði með will og going to.</li> <li>• geti notað eignarfall á réttan hátt</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• geti beitt grunnreglum málfræðinnar við ritun á texta.</li> <li>• geti búið til nafnorð úr lýsingarorðum og lýsingarorð úr nafnorðum.</li> <li>• geti notað rétta tíð í frásögn í þátíð (núliðna tíð, þáliðna tíð, einfalda þátíð og samsetta þátíð).</li> <li>• geti notað forskeyti t.d. un-, im-, il-, ir-, non- og dis- til að búa til neikvæða merkingu.</li> <li>• þekki muninn á lýsingarorðum með –ed og –ing endingum (surprised-surprising).</li> <li>• kunni að nota afturbeygð fornöfn.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• geti notað rétt hliðstæð og sérstæð eignarfornöfn.</li> <li>• þekki muninn á lýsingarorðum og atviksorðum og helstu notkun atviksorða.</li> <li>• geti breytt beinni ræðu í óbeina ræðu og óbeinni ræðu í beina ræðu.</li> <li>• geti breytt þolmynd í germynd og germynd í þolmynd.</li> <li>• noti rétt helstu hreyfingar-, staðar- og tímaforsetningar.</li> <li>• geti notað fyrsta og annan flokk skilyrðissetninga.</li> </ul>
--	---	---	---